Árs- og samfélagsskýrsla

2021

vodafone Vísir Sport Bylgjan 989 FM957 X 977 Endor

Efnisyfirlit

Árið 2021

- Stjórnskipulag 3
- Ávarp stjórnarformanns 15
- Ávarp forstjóra 17
- Gengi á markaði 20
- Lykiltölur 22

Starfsemin

- Okkar sýn 26
- Viðskiptavinurinn vísar veginn 29
- Framsækin fyrirtæki velja Vodafone 33
- Vöxtur miðlanna 36
- Nýsköpun í rótgrónu fyrirtæki 44
- Innviðasala 47
- Mannauður og menning 49
- Upplýsingaöryggi og persónuvernd 56
- Brot af því besta 58

Samfélagsábyrgð

- Sjálfbærni 59
- Samfélagið 74
- Heimsmarkmiðin 80

Ársreikningur

- Rekstur 82
- Efnahagur og sjóðsstreymi 86

Skýrslan er birt með fyrirvara um villur. Komi í ljós innsláttarvillur, misræmi eða aðrar villur áskilur Sýn hf. sér rétt til að leiðrétta slíkar villur.

ÁRIÐ 2021

Stjórn

Stjórn félagsins ásamt forstjóra fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda og ber meginábyrgð á rekstri þess. Ásamt forstjóra hefur hún forystu um að móta stefnu, setja markmið og áhættuviðmið félagsins, bæði til skemmri og lengri tíma.

STJÓRNARFORMAÐUR

Hjörleifur Pálsson

Hjörleifur Pálsson, stjórnarformaður er fæddur árið 1963. Hann var fyrst kosinn í stjórn félagsins 11. apríl 2013. Hjörleifur er viðskiptafræðingur, útskrifaður með Cand Oecon gráðu frá Háskóla Íslands 1988. Hann hlaut löggildingu til endurskoðunarstarfa árið 1989 og starfaði sem endurskoðandi til 2001. Hann var framkvæmdastjóri fjármálasviðs Össurar hf. frá 2001 til 2013. Hjörleifur er formaður stjórnar og formaður háskólaráðs Háskólans í Reykjavík. Hann situr í fjárfestingarráði Akurs fjárfestinga slhf., í stjórn Brunns vaxtarsjóðs slhf., Lotus Pharmaceutical Co., Ltd í Taiwan og Ankra ehf. Hann er jafnframt formaður tilnefningarnefndar Icelandair Group hf. og á sæti í endurskoðunarnefnd Landsbankans hf. Hjörleifur átti 250.000 hluti í félaginu í árslok 2019.

STJÓRNARMAÐUR

Páll Gíslason

Páll Gíslason er rafmagns- og tölvuverkfræðingur sem hefur á rúmlega tuttugu ára ferli starfað við nýsköpun á ýmsum sviðum tækni og vísinda. Undanfarin fjórtán ár hefur Páll stofnað og leitt tvö fyrirtæki í hátíðniviðskiptum (High Frequency Trading, HFT) með starfsemi í Bandaríkjunum, Bretlandi, Þýskalandi og Ástralíu. World Financial Desk (WFD), sem var stofnað í Los Angeles 2007 en flutti til New York City 2010, var m.a. með stærri viðskiptavökum á rafrænum mörkuðum með bandarísk ríkisskuldabréf og vaxtaafleiður. WFD var selt til Crabel Capital Management í Los Angeles árið 2015 og starfaði Páll þar til ársloka 2017. Áður en Páll snéri sér að fjármálamörkuðum hafði hann starfað fyrir þrjú sprotafyrirtæki. Hann þróaði algrím fyrir hljóðkerfi hjá Audyssey Labs í Los Angeles, að loknu framhaldsnámi, en þar áður starfaði hann við fjarskiptakerfi hjá Íslandssíma og hjá Petromodel við þróun tækis til að greina og flokka möl.

STJÓRNARMAÐUR

Petrea Ingileif Guðmundsdóttir

Petrea Ingileif er fædd árið 1974. Hún hefur 13 ára reynslu sem stjórnandi og sérfræðingur hjá fjarskipta- og afþreyingarfyrirtækjum. Hún starfaði m.a. sem framkvæmdastjóri sölu-, þjónustu- og markaðssviðs 365 á árunum 2014 til 2016 og sem forstjóri Tals frá 2013 til 2014. Hún starfaði einnig sem framkvæmdastjóri markaðssviðs Símans og markaðsstjóri Símans og Skjás Eins. Petrea Ingileif hefur lokið BS prófi í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands. Petrea Ingileif situr í dag í stjórnum Icepharma, Terra, og Allianz ásamt því að sinna ráðgjafastörfum. Hún var stjórnarformaður Símafélagsins árin 2017 og 2018. Petrea Ingileif á ekki eignarhlut í félaginu. Það er mat tilnefningarnefndar, út frá leiðbeiningum Viðskiptaráðs Íslands um góða stjórnarhætti, að Petrea Ingileif Guðmundsdóttir sé óháð félaginu, daglegum stjórnendum þess og stórum hluthöfum í félaginu.

STJÓRNARMAÐUR

Sigríður Vala Halldórsdóttir

Sigríður Vala var kjörin sem varamaður í stjórn Sýnar í mars 2019. Hún hefur frá árinu 2016 starfað sem forstöðumaður Hagdeildar hjá Sjóvá, ásamt því að sitja í fjárfestingarnefnd félagsins og sinna hlutverki fjárfestatengils. Af öðrum stjórnarstörfum má nefna að hún er aðalmaður í stjórn HS Veitna frá árinu 2014. Sigríður Vala er með B.Sc. gráðu í iðnaðarverkfræði frá Háskóla Íslands 2006 og M.Sc. gráðu í iðnaðarverkfræði frá University of Minnesota 2008. Löggiltur verðbréfamiðlari frá 2009. Sigríður Vala starfaði hjá fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka 2008-2015 sem sérfræðingur og síðar verkefnastjóri. Hún var forstöðumaður viðskiptastýringar Creditinfo 2015-2016.

VARAFORMAÐUR

Tanya Zharov

Tanya Zharov, er fædd árið 1966. Hún starfar sem aðstoðarforstjóri Alvotech. Hún var fyrst kosin í varastjórn 16. mars 2017 og síðan í aðalstjórn Sýnar á aðalfundi 2019. Tanya hefur lokið Cand. jur. prófi frá Háskóla Íslands. Hún starfaði sem aðstoðarforstjóri Íslenskrar erfðagreiningar frá 2016-2020. Hún var framkvæmdarstjóri lögfræðisviðs Auðar Capital, síðar Virðingar hf., 2008-2015. Hún situr í stjórn Skólavegs ehf. og Talna ehf. Tanya á hlutafé í Sýn í gegnum eignarhaldsfélag Tölur ehf. Fjöldi hluta er 3.472.

ÁRIÐ 2021

Framkvæmdastjórn

Framkvæmdastjórn félagsins ber ábyrgð á daglegum rekstri þess og fylgni við rekstraráætlanir.

FORSTJÓRI

Heiðar Guðjónsson

Heiðar er forstjóri Sýnar og tók við starfinu vorið 2019. Heiðar kom inn í stjórn félagsins í apríl 2013 og var stjórnarformaður frá 2014 til 2019. Áður starfaði Heiðar sem framkvæmdastjóri eigin fjárfestingarfélags. Hann er hagfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur frá árinu 1996 einkum starfað á alþjóðlegum fjármálamörkuðum, lengst af í New York, London og Zürich. Hann hefur m.a. komið að stórum alþjóðlegum fjárfestingum í fjarskiptafélögum, s.s. næststærsta símafyrirtæki Finnlands og stærsta símafyrirtæki Búlgaríu. Heiðar situr einnig í stjórn Ursus ehf., Köldukvíslar hf., Innviða fjárfestinga slhf. og HS Veitna.

AÐALLÖGFRÆÐINGUR

Páll Ásgrímsson

Páll Ásgrímsson er aðallögfræðingur félagsins en undir hann heyra einnig gæða- og öryggismál, samskiptamál, aðfangastýring og verkefnastýring. Páll kom til starfa hjá félaginu 2014 en áður var hann einn af eigendum lögfræðistofunnar Juris. Hann er reynslumikill lögmaður á sviði félagaréttar, auk þess að hafa sérhæft sig á sviði fjarskipta-, upplýsingatækni- og samkeppnisréttar. Um árabil starfaði Páll sem forstöðumaður og síðar framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Símans (síðar Skipta) auk þess að búa að reynslu frá EFTA og ESA í Brussel og Samkeppnisstofnun. Páll hefur auk þess setið í stjórnum ýmissa fyrirtækja innan fjarskiptageirans, t.d. Símans hf., Mílu ehf., FARICE hf. og Skjásins ehf.

FJÁRMÁLASTJÓRI

Kristín Friðgeirsdóttir

Kristín Friðgeirsdóttir tók við sem fjármálastjóri Sýnar hf. sumarið 2021. Kristín er með mastersgráðu í fjármálaverkfræði og doktorsgráðu í rekstrarverkfræði frá Stanford háskóla. Kristín hefur undanfarin ár starfað sem alþjóðlegur ráðgjafi í tekjustýringu, gagnagreiningu og stefnumarkandi ákvarðanatöku. Hún hefur jafnframt kennt MBA og stjórnendanámskeið í London Business School. Kristín hefur setið í stjórnum Kviku banka, Eikar, Controlant, Distica og Völku og var áður varaformaður stjórnar TM og stjórnarformaður Haga.

FRAMKVÆMDASTJÓRI REKSTRARSVIÐS

Yngvi Halldórsson

Yngvi Halldórsson er fæddur árið 1977. Yngvi er með B.S. gráðu í viðskiptafræði frá Háskóla Íslands og sat í stjórn félagsins árin 2014-2019. Fyrst í varastjórn til 2017 þegar hann tók sæti í aðalstjórn. Á árunum 2000 til 2005 starfaði Yngvi sem ERP ráðgjafi í Dynamics Nav hjá Maritech ehf. Árin 2006 til 2008 var Yngvi sjóðsstjóri erlendra hlutabréfasjóða hjá Landsvaka ehf. Hann starfaði síðan hjá Össur hf. frá árinu 2008 til 2018 og gegndi þar ýmsum störfum, síðast sem CIO og VP of Global Business Services. Yngvi varð í byrjun árs 2018 meðeigandi í fjárfestingarfélaginu Alfa Framtak ehf. sem rekur m.a. framtakssjóðinn Umbreytingu. Yngvi er fyrir hönd Umbreytingar stjórnarformaður hjá Borgarplast hf. og situr í stjórn Nox Health.

FRAMKVÆMDASTJÓRI MIÐLA

Þórhallur Gunnarsson

Þórhallur Gunnarsson er framkvæmdastjóra Miðla frá 22. maí 2019. Þórhallur er með meistaragráðu í sjónvarpsþáttagerð frá Goldsmiths, University of London og hefur undanfarin 6 ár verið framkvæmdastjóri sjónvarps- og kvikmyndadeildar Sagafilm. Þar áður var hann dagskrárstjóri RÚV, ritstjóri Kastljóss, auk þess sem hann hefur stýrt fjölmörgum sjónvarpsþáttum af öllu tagi, m.a. Íslandi í dag á Stöð 2. Þórhallur hefur átt sæti í framkvæmdastjórn RÚV og stjórn Sagafilm. Hann hefur undanfarin ár verið framleiðandi margra stærstu sjónvarpsþátta á Íslandi, hvort sem um er að ræða leiknar sjónvarpsþáttaseríur, heimildarmyndir, fræðsluefni eða skemmtiþætti. Þórhallur kennir miðlun upplýsinga við MBA nám Háskóla Íslands.

ÁRIÐ 2021

Árið okkar!

Árið okkar er runnið upp. Hluthafar munu njóta ávaxta þolinmæðinnar, stjórnendur þrautseigjunnar og starfsfólk gleðinnar sem fylgir því að ná árangri. Því fylgir sönn ánægja að sigrast á krefjandi verkefnum í samhentum hóp. Nóg framboð hefur verið á slíkum verkefnum síðastliðin þrjú ár og nú raðast margir góðir áfangar undanfarinna ára saman í trausta og heilbrigða heild.

Mesta verðmæti hvers fyrirtækis er góður starfsandi og besta fóður hans eru tækifæri fólks til að sigrast saman á erfiðum verkefnum. Slík tækifæri gefast helst í fyrirtækjum sem vaxa hratt eða þurfa að breytast eða bregðast við breyttum aðstæðum með hraði. Við stóðum frammi fyrir því að þurfa að breytast hratt. Vinna undanfarinna þriggja ára hefur því snúist um þær nauðsynlegu breytingar. Viðskiptavinir eru nú í öndvegi sem aldrei fyrr, þjónusta, vörur og verð hefur verið endurhugsað, ferlar og kerfi tekin í gegn og félagið endurfjármagnað með sölu eigna.

Síðast en ekki síst þarf að vera gaman. Ef það er gaman þá skilar það sér svikalaust til hlustenda, áhorfenda, viðskiptavina og samstarfsfólks og allt verður auðveldara. Þess höfum við notið á liðnu ári og það er þakkarvert.

Samvinnan og starfsandinn er og verður okkar helsta vopn í því skrautlega samkeppnisumhverfi sem hér er til staðar. Því miður eru engar vísbendingar um að stjórnmálamenn snúi af þeirri braut að allir vegir liggi til ríkisins, hvað varðar ríkisrekna fjölmiðla- og afþreyingarstarfsemi. Við stjórnum því ekki en stöndum keik og sigrum þann draug með því að gera betur en þeir geta gert sem skortir tengingu við greiðendur þjónustunnar. Á sama tíma fögnum við því að á fjarskiptasviðinu er útlit fyrir að skorið verði á þau tengsl sem hafa verið milli innviða og stærsta aðilans á markaðinum.

Fyrir hönd stjórnar Sýnar vil ég þakka viðskiptavinum, hluthöfum og öllum starfsmönnum fyrir liðið ár. Framtíðin er ykkar.

“Við höfum áður sagt að árið 2022 myndum við skína. Nú er allt útlit fyrir það að það muni ganga eftir. Við tryggjum það með því að nýta þann grunn sem við höfum byggt upp og halda vegferðinni áfram af sama krafti og á liðnu ári.“

HJÖRLEIFUR PÁLSSON, STJÓRNARFORMAÐUR

ÁRIÐ 2021

Gott fyrirtæki verður betra

Síðustu misseri höfum við lagt ríka áherslu á að þróa fyrirtækið úr því að vera tæknidrifið (e. engineer driven) og yfir í að vera þjónustumiðað (e. customer centric), í samræmi við þá stefnu sem mótuð var sumarið 2019. Í takt við þessar áherslur er ánægjulegt að segja frá því að ánægja viðskiptavina hefur aldrei mælst meiri eftir sameiningu félagsins árið 2017.

Mikill árangur hefur náðst við að einfalda og rétta af rekstur fyrirtækisins síðustu ár. Okkur hefur tekist að snúa við taprekstri upp á um 100 milljónir á mánuði yfir í hagnað upp á sambærilega fjárhæð. Á sama tíma hefur okkur tekist að snúa algerlega við efnahag fyrirtækisins, greiða niður skuldir uppá fjóra milljarða og mynda söluhagnað uppá sex og hálfan milljarð. Þetta tvennt náðum við að gera í miðjum heimsfaraldri þar sem reikitekjur og auglýsingatekjur hrundu og lækkun krónunnar hækkaði innkaup fyrirtækisins umtalsvert. Þar að auki höfum við endursamið við alla okkar birgja til að auka sveigjanleika í rekstrinum. Stærsti áfanginn í þeirri vegferð var þó óumdeilanlega sala óvirkra innviða úr farsímakerfinu sem gekk í gegn þann 14. desember síðastliðinn og hyggjum við á enn frekari sölu innviða á næstu misserum í takt við stefnumótun okkar.

Til þess að draga úr áhættu og auka arðbærni fyrirtækisins höfum við leitast við að breyta stórum hluta kostnaðar í breytilegan kostnað sem hreyfist í takt við tekjur. Í þessu verkefni höfum við stuðst við framlegðargreiningu sem stjórntæki niður á hverja einingu fyrirtækisins. Þetta öfluga stjórntæki styður við rekstrarákvarðanir og stöndum við ekki í rekstri eininga sem skila ekki ásættanlegri framlegð. Til viðbótar við einföldun rekstrarins og viðsnúning efnahagsreikningsins höfum við komið fram með nýjar tekjustoðir sem styrkja reksturinn enn frekar. Má þar nefna nýjan hlaðvarpsheim, væntanlegan greiðsluvegg fyrir framan valið efni á Vísi og færsluhirðingu fyrir fyrirtæki. Um helmingur allra heimila og fyrirtækja landsins eru í föstu mánaðarlegu reikningssambandi við fyrirtækið í kringum fjarskipti og fjölmiðla og með þennan stóra viðskiptamannahóp sjáum við fram á að geta útvíkkað þjónustuframboð okkar enn frekar. Þar liggja áhugaverðustu tækifærin út frá markmiðum stefnumótunarinnar.

Við teljum okkur standa mjög vel varðandi langtímaþróun á fjarskiptamarkaði. Heimavinna færist sífellt meira í aukana og með því fylgir að atvinnurekendur greiða fyrir farsíma og heimatengingu starfsmanna sinna. Heildarstærð vinnumarkaðar er yfir 200.000 manns. Á sama tíma fjölgar netárásum á fyrirtæki og stofnanir gríðarlega og því ljóst að það er ekki hverjum sem er treystandi fyrir því að halda tengingu beint inní upplýsingahjarta viðkomandi rekstrar. Samstarf okkar við Vodafone Group skiptir okkur miklu máli enda hrindir fyrirtækið ótrúlegum fjölda netárasa á hverjum degi og skráir að meðaltali 40 milljarða atvika í hverjum mánuði. Við erum öryggisvottað fyrirtæki með sterka stöðu á fyrirtækjamarkaði sem á að hjálpa okkur til sóknar í fjarskiptum.

Þjónusta til viðskiptavina er að taka hröðum breytingum í takt við þróun tækninnar en hana má nýta með ýmsum hætti til að einfalda líf viðskiptavina og auka skilvirkni í rekstri. Framtíð fjarskipta snýr í minna mæli að neytandanum og alltaf í meira mæli að tækjum, þar sem mannshöndin kemur hvergi nærri en tækjatengingar af þessu tagi eru kallaðar hlutanetið (e. IoT). Við höfum algera yfirburði á Íslandi í slíkum tengingum. Í raun erum við einsdæmi í heiminum með þrisvar sinnum fleiri hlutanetskort en íbúafjölda.

Við sjáum ekkert annað en áframhaldandi vöxt á þessu sviði. Við höfum farið varlega í uppbyggingu á 5G til neytenda út af seinagangi löggjafans um að klára fjarskiptalagafrumvarp sem hefur tafist í yfir tvö ár. Uppbygging á fjarskiptakerfum varðandi hlutanetið hefur aftur á móti verið mjög hröð.

Framtíð fjölmiðla er spennandi. Við höfum gert stefnumarkandi breytingar á Stöð 2 þar sem efnisveitan er sett í fyrirrúm, íslenskt efni og afhending fram hjá myndlyklum. Við teljum okkur eiga mikinn fjölda áskrifenda inni með þessari nálgun. Á sama hátt erum við að endurskoða dreifingu útvarps með nýju appi og aukum vægi hlaðvarpa en skilin á milli hljóðbóka, hlaðvarps og útvarps verða æ minni með hverju misserinu sem líður.

„Ánægja viðskiptavina hefur aldrei mælst meiri í sögu fyrirtækisins sem og ánægja starfsmanna. Við höfum í sameiningu gert gott fyrirtæki enn betra.“

HEIÐAR GUÐJÓNSSON, FORSTJÓRI

Gengi á markaði

Gengi félagsins

Í lok ársins 2020 var gengi félagsins 39,0 en í lok árs 2021 var það 65,5 og hafði því hækkað um 67,9% á milli ára. Gengi bréfa félagsins var stöðugt framan af ári og stóð í 40 í lok september, á síðasta ársfjórðungi hækkaði gengið rösklega og endaði í 65,5 í lok árs.

Á árinu 2021 nam velta með bréf í félaginu rúmlega 9,3 milljörðum króna í alls 1.766 viðskiptum og er fjöldi viðskipta að aukast um 25,7% á milli ára. Mest var velta með bréf félagsins í nóvember en heildarvelta þess mánaðar nam tæplega 2,3 milljörðum króna.

Útgefið hlutafé félagsins í upphafi árs nam 2.964 m.kr. og stóð óbreytt í árslok. Í lok árs átti félagið engin eigin bréf en í upphafi árs 2022 samþykkti stjórn kaup á eigin bréfum í gegnum öfugt útboð fyrir 1.390 m.kr. Í framhaldi tók stjórn félagsins ákvörðun um kaup á eigin hlutum samkvæmt endurkaupaáætlun í þeim tilgangi að lækka útgefið hlutafé. Endurkaupin munu að hámarki nema 8.500.000 hlutum þannig að eigin hlutir nemi samtals að hámarki 9,9% af útgefnu hlutafé.



10 stærstu hluthafar við árslok 2021

NAFN	HLUTUR%
Gildi lífeyrissjóður	11,28%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	10,40%
Ursus ehf.	9,16%
Kvika banki hf.	7,99%
Arion banki hf.	7,38%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins A-deild	6,27%
Birta lífeyrissjóður	5,30%
Akta Stokkur hs.	3,86%
Frostaskjól ehf.	2,53%
Festa lífeyrissjóður	4,48%

ÁRIÐ 2021

Lykiltölur

Heildartekjur

Milljónir króna



EBITDA

%

- EBITDA leiðrétt fyrir áhrifum af innviðasölu



Afkoma

Milljónir króna



Fjárfestingar

%



STARFSEMIN

Okkar sýn

Við erum alhliða þjónustufyrirtæki sem býður einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum upp á fjarskipta-, fjölmiðla- og tækniþjónustu í gegnum vörumerkin Vodafone, Stöð 2, Stöð 2+, Stöð 2 Vísi, Stöð 2 Sport, Vísi, Bylgjuna, FM957, X977 og dótturfélagið Endor ehf.

Stefna félagsins er að vera nútímalegt þjónustufyrirtæki þar sem viðskiptavinurinn er í fyrirrúmi. Við leggjum áherslu á að rækta langtímaviðskiptasamband sem byggist á virðingu og trausti.

Kjarninn í stefnunni er upplifun viðskiptavina okkar og er einfaldleikinn í fyrirrúmi. Við einföldum einnig reksturinn ásamt ferlum og kerfum innanhúss. Við höfum stóran og tryggan hóp viðskiptavina sem okkur er annt um og leggjum okkar fram við að sinna.

Stefna félagsins endurspeglast í nálgun okkar á sjálfbærni í rekstri, góðum stjórnarháttum, áhættustýringu, ánægju starfsmanna og menningu. Markmið okkar er að vaxa með því að koma til móts við þarfir viðskiptavina okkar og rækta langtímasamband við þá. Ánægja viðskiptavina er í fyrsta sæti.

Við bætum rekstrarmódelið okkar stöðugt með því að sjálfvirknivæða ferla, þróa öflugar stafrænar lausnir og nýta okkur tækniþróun viðskiptavinum okkar til góðs. Við ræktum nýsköpun sem skilar okkur í nýjum tekjustoðum ásamt vörum og þjónustu við viðskiptavini. Við leitum stöðugt tækifæra til að auka sveigjanleika í rekstri með sölu eigna og úthýsingu á þjónustu. Með slíkum breytingum getum við betur veitt viðskiptavinum góða og gagnsæja upplifun af viðskiptasambandinu og aukið ánægju þeirra.

Grunnkerfin okkar tengja saman fjölskyldur, vini, fyrirtæki og stjórnvöld. Við teljum að tækni og samskipti séu framtíðarmáttarstólpar samfélagsins, þættir sem munu hafa mikil áhrif á líf fólks og auðvelda það. Við ætlum að vera mikilvægur þátttakandi í þeirri vegferð.

Stefna félagsins



STARFSEMIN

Viðskiptavinurinn vísar veginn

Miklar breytingar og aukið vöruframboð

Á síðasta ári hófum við ferðalag sem bar yfirskriftina „Nýtt upphaf“ þar sem haft var samband við yfir 32.000 heimili. Í átakinu fórum við yfir áskriftir viðskiptavina okkar og tryggðum að þeir væru í bestu mögulegu og hagkvæmustu áskriftarleið hverju sinni.

Á þessu ári höfum við haldið áfram vinnu á þessum sama grunni og ráðist í umtalsverða einföldun á vöruframboðinu okkar. Við höfum hætt með mikinn fjölda af eldri og óhagstæðum þjónustuleiðum og á sama tíma haldið áfram að færa viðskiptavini í rétta áskriftarleið sem byggist á notkun og fjölskyldusamsetningu.

Við höfum lagt okkur fram við að hlusta á viðskiptavini okkar og brugðist við athugasemdum sem koma úr reglulegum þjónustukönnunum. Þá höfum við uppfært vöruframboðið okkar í takt við þær athugasemdir.

Burt með falinn kostnað

Frá gamalli tíð voru innheimt svokölluð speglunar- og dreifigjöld sem lögðust á viðskiptavini sem voru með dreifingu utan heimilis eða hjá öðrum dreifiveitum. Þetta gjald var aflagt á árinu og nú er enginn aukakostnaður við slíka dreifingu.

Hægt að koma og fara innan mánaðar

Á árinu gerðum við líka breytingar á skilmálum Stöðvar 2 sem gerir viðskiptavinum kleift að panta og segja upp þjónustu innan mánaðar án fyrirhafnar. Fram til þessa voru ákvæði í skilmálum sem gerðu slíkt flókið og torskilið fyrir notendur.

Fjölskyldupakkinn slær í gegn

Við erum himinlifandi yfir móttökunni sem Fjölskyldupakkinn hefur fengið til þessa. Þetta er þegar orðin ein vinsælasta og best heppnaða vörunýjung sem við höfum hleypt af stokkunum.

Enginn óþarfi og aukið framboð

Miklar breytingar hafa orðið á vöruframboði Stöðvar 2 á árinu. Verð á sameinaðri vöru Stöðvar 2 og Stöðvar 2+ var lækkað til muna og kaupferli einfaldað. Samhliða er nú í boði val um að kaupa Stöð 2 Sport, innlent eða erlent, sérstaklega á einungis 3.990 kr. Þannig geta þeir sem hafa takmarkaðan tíma eða eingöngu áhuga á ákveðnum íþróttum valið áskrift við hæfi. Auk þess er nú er í boði að kaupa aðgengi að NBA League Pass og NFL Game Pass öppunum hjá okkur. Stöð 2 Sport mun halda áfram að gera þessum atburðum góð skil. Viðskiptavinir geta nú fengið aðgengi að þessum öppum á bestu mögulegu kjörum og notið allra útsendinga sem í boði eru auk ítarefnis og uppgjörsþátta. Við höfum samhliða stóreflt útsendingar frá innlendum íþróttaviðburðum og munum á þessu ári, líkt og í fyrra, senda beint út frá öllum leikjum í efstu deildum karla og kvenna í knattspyrnu.Þá kynntum við til leiks nýjan sportheim í vefsjónvarpinu sem bætir notendaupplifun og aðgengi að þessum atburðum. Þessi heimur mun vera áfram í þróun og bætingu á komandi ári.



Stórbættur búnaður

Á árinu kynntum við til sögunnar þráðlausan myndlykil frá Samsung sem hægt er að taka með sér og tengja þar sem er netsamband. Nú er hægt að njóta allrar okkar þjónustu óháð staðsetningu. Við kynntum líka til leiks nýjan netbeini með margfalt sterkara sambandi sem hjálpar viðskiptavinum að njóta bestu gæða um allt heimilið. Samhliða því aflögðum við eldri tegundir af myndlyklum og netbúnaði.

Bætt kerfi og betri þjónusta

Eitt umfangsmesta verkefni síðasta árs var þó sú ákvörðun að fjárfesta í bættum viðskiptakerfum með það fyrir augum að m.a. tryggja rétta og auðskiljanlega reikninga. Viðskiptavinir okkar munu vonandi finna fyrir því í auknum mæli á árinu að upplifun og gagnsæi á þjónustu þeirra eykst. Það verður auðveldara að eiga samskipti við okkur og gera breytingar á þjónustuþáttum. **Viðskiptavinurinn er sannanlega í hjarta allra okkar athafna og við hlökkum til að fá að þjónusta hann enn betur á komandi ári.**

STARFSEMIN

Framsækin fyrirtæki velja Vodafone

Fyrirtækjaþjónusta Vodafone hefur dafnað vel á krefjandi ári. Um 40% fyrirtækja á landinu treysta Vodafone fyrir fjarskiptum sínum auk þess sem 52 af 100 stærstu fyrirtækjum landsins beina viðskiptum sínum til félagsins. Þessi fyrirtæki gera mikla kröfur um gæði, öryggi og góða þjónustu og er mikill hvatning falin í því fyrir okkur að vera alltaf í fremstu röð.

Trygg afhending bóluefnis með IoT-tengingu Vodafone

Með nánu samstarfi við viðskiptavini okkar byggjum við sameiginlega langtímavegferð. Brottfall á fyrirtækjamarkaði er mjög lítið og hefur félaginu gengið mjög vel að endursemja við núverandi viðskiptavini en 90% af okkar stærstu fyrirtækjum eru með langtímasamning við okkur sem er mikill styrkur fyrir Vodafone.

Vægi fjarskipta fyrir fyrirtæki hefur sjaldan eða aldrei verið meira. Þarfir fyrirtækja hafa breyst ansi hratt á árinu þar sem fjarvinna og skrifstofuvinna tvinnast saman, allt eftir ástandi og þörfum. Það er okkur mikið kappsmál að standa undir þeirri ábyrgð og þeim sívaxandi kröfum.
Þess ber að geta að dregið hefur úr verðpressunni á markaðinum sem hefur einkennt hann og fyrirtækin eru farin að hugsa meira um hvernig tæknin geti hjálpað þeim í þeirri vinnu að auka framleiðni og bæta samkeppnisstöðu sína. Það rímar vel við þá áherslu okkar að vinna náið með viðskiptavinum okkar.

Í ljósi þess hve fjarskiptamarkaðurinn þróast hratt er mikilvægt að vera í fararbroddi þegar kemur að vöruþróun og hlusta vel á þarfir markaðarins. Það er því mikill styrkur fyrir Vodafone að vera í alþjóðlegu samstarfi við Vodafone Global. Við höfum boðið viðskiptavinum okkar í ráðgjöf þeirra á alþjóðamörkuðum og í nýsköpun sem hefur reynst ansi vel og skapað ný og betri tækifæri fyrir þá.

Sem dæmi um krefjandi verkefni fyrirtækjasviðs á árinu má nefna félagið Controlant en það félag notaði IoT-tenginguna Vodafone til að tryggja afhendingu yfir þriggja milljarða hitanæmra bóluefnaskammta á þessu ári, með yfir 99,99% árangurshlutfalli. Það felur í sér 2,4 milljarða skammta sem eru afhentir í yfir 170 löndum heimsins, nálægt þriðjungi af heildarfjölda skammta sem gefnir eru á heimsvísu, samkvæmt gögnum Bloomberg.

Vodafone hefur unnið þétt með Veitum sem stóðu frammi fyrir þeirri áskorun fyrir nokkrum árum að endurnýja vatns- og hitamæla. Niðurstaðan er sú að byrjað verður að setja upp snjallmæla á yfir 100 þúsund heimili á næstu mánuðum en undirbúningur hefur staðið yfir allt síðastliðið ár. Þessir mælar munu nýta nýja kynslóð fjarskipta, NB IoT, sem tryggir minni orkunotkun, betri dreifingu fjarskiptamerkis á hagkvæmari hátt en áður hefur þekkst.

Fjarskipti nútímans eru á fleygiferð þar sem ör þróun og nýjar lausnir líta dagsins ljós á hverjum degi. Vinna við uppfærslu á fjarskiptakerfum er vel á veg komin þar sem 5G, NB IoT og LTE M taka við af eldri kerfum og skapa ný tækifæri fyrir viðskiptavini okkar.

Vodafone ætlar sér áfram að vera í fararbroddi á fjarskiptamarkaði.

Vodafone á fyrirtækjamarkaði

OPINBER FYRIRTÆKI

- isavia
- LANDSPÍTALI
- Embætti landlæknis Directorate of Health
- VEGAGERÐIN

SVEITARFÉLÖG

- Reykjavíkurborg
- Kópavogsbær
- HAFNARFJÖRÐUR
- Garðabær
- Akureyri

ÖRYGGI / NEYÐ

- 112
- Landhelgisgæsla Íslands
- HEILSUGÆSLA
- SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG
- SECURITAS

SMÁSALA /DREIFING

- hagar
- icepharma
- Lyf & heilsa
- ÍSAM
- VERITAS

UPPLÝSINGATÆKNI

- LS Retail
- Opin Kerfi
- ÞEKKING
- origo
- PREMIS

SJÁVARÚTVEGUR

- SAMHERJI
- VSV
- Einhamar

ÞEKKING

- Tækniskólinn skóli atvinnulífsins
- Verifone
- HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK

TRYGGINGAR

- TM
- SJÓVÁ
- vörður

Orka

- OR Orkuveita Reykjavíkur
- LANDSNET
- Landsvirkjun

FJÁRMÁL

- KVIKA
- Landsbanki
- HMS Húsnæðis- og mannvirkjastofnun

FLUTNINGAR

- ICELANDAIR GROUP
- Heimsferðir
- EIMSKIP

ALÞJÓÐLEG

- ALCOA
- Alvogen
- alvotech
- ÖSSUR

STARFSEMIN

Vöxtur miðlanna

Árið 2021 var svo sannarlega viðburðaríkt í fjölmiðlum okkar.

Fréttir

Í byrjun árs fórum við í þá afdrifaríku framkvæmd að loka fréttaglugganum fyrir öðrum en áskrifendum. Margir utan fyrirtækisins höfðu efasemdir um þessa aðgerð sem reyndist svo einstaklega góð í alla staði. Í stað þess að grípa til niðurskurðar sem allt benti til á síðasta ári sóttum við fram í þeirri bjargföstu trú að fólk vildi sjá kvöldfréttir Stöðvar 2. Niðurstaðan var okkur í hag. Áskriftum fjölgaði jafnt og þétt og ekki hafa verið fleiri áskrifendur að Stöð 2 í yfir 10 ár. Þetta leiddi einnig til þess að við gátum eflt fréttirnar enn frekar og ætlum ekki að láta staðar numið enda höfum við yfir að ráða einstaklega góðu fréttafólki sem sýnir mikla ástríðu í störfum sínum.

Frá því í haust hafa orðið talsverðar breytingar á ritstjórn fréttastofu. Fréttatími í sjónvarpi hefur verið lengdur og nýir sjónvarpsþættir á vegum fréttastofu litið dagsins ljós. Pallborðið á Vísi og Stöð 2 Vísi hefur komið sterkt inn í þjóðmálaumræðuna að ógleymdum Fréttaauka sem fjallaði m.a. ítarlega um börn sem bjuggu við skelfilegar aðstæður á Hjalteyri.

Fréttastofan og Kompás fengu þrjár tilnefningar til blaðamannaverðlaunanna og hlutu verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins með því að afhjúpa umfangsmikil og afdrifarík mistök sem gerð voru við greiningar á leghálssýnum hjá Leitarstöð Krabbameinsfélagsins.

Fréttastofa bauð upp á þá nýbreytni í ár að gera tuttugu annála, í stað eins, sem dreifðust á virku dagana í desember. Í hverjum þætti, sem var 5-6 mínútna langur, var tekið eitt stórt fréttamál fyrir. Annálarnir voru sýndir á Vísi, á Stöð 2 fyrir fréttir og á Stöð 2 Vísi og fengu verðskuldaða athygli.

Vísir og Stöð 2 Vísir

Vísir er stærsti miðill landsins. Lestur og áhorf hefur aldrei mælst meira en á árinu. Sterk staða Vísis sést glögglega á yfirliti úr fjölmiðlamælingu Gallup en þar kemur fram að rúm 70% Íslendinga á aldrinum 18-80 ára lesa miðilinn á hverjum einasta degi. Vísir hefur fjölgað efnisþáttum og aukið verða einnig sýndir á Stöð 2+. Það má segja að Vísir sé miðpunktur miðlanna okkar. Allt okkar efni fer með einum eða öðrum hætti inn á Vísi hvort sem um er að ræða fréttir, íþróttaefni, menningar- eða lífstílsefni, efni úr útvarps-, hlaðvarps- og sjónvarpsþáttum.

Ekki má gleyma nýjustu sjónvarpsstöðinni í flóru miðla okkar en Stöð 2 Vísir fór formlega í loftið kosningadaginn 25. september 2021. Stöð 2 Vísir sýnir meðal annars beint úr stúdíói útvarpsþættina Bítið, Bakaríið og Sprengisand á morgnana.

Umræðuþátturinn Pallborðið er vikulega í beinni útsendingu en einnig er á stöðinni fjöldi beinna útsendinga frá ýmsum viðburðum úr þjóðlífinu, bæði fréttatengt efni og menningarlegs eðlis. Á kvöldin er svo á dagskrá alls kyns skemmtiefni og íslensk tónlist.

Áhorfið eykst með hverjum deginum sem líður. Að jafnaði horfa á milli þrjú og fimm þúsund manns á morgunþættina Bítið, Bakaríið og Sprengisand. Á kvöldin horfa á milli fimm og tíu þúsund manns á stöðina.

Í vor stefnum við á að opna aðra línulega sjónvarpsstöð tengda Vísi en hún kallast Stöð 2 Vísir Sport og býður upp á íslenskt íþróttaefni sem fellur ekki undir áskriftarhlutann.

Stöð 2 og Stöð 2+

Við höfum margfaldað framleiðslu á íslenskum sjónvarpsþáttum af öllu tagi og sýnum alla þætti samtímis á Stöð 2 og Stöð 2+. Stöð 2 fékk 15 tilnefningar til Edduverðlaunanna sem er til marks um aukin gæði í framleiðslu á sjónvarpsefnis okkar. Sjónvarpsþátturinn Blindur bakstur var valinn sjónvarpsþáttur ársins á verðlaunahátíð barnanna, Sögur.

Þessar breytingar hafa leitt m.a. til mikillar fjölgunar áskrifenda að Stöð 2 og Stöð 2+ sem setti nýtt áskriftarmet í hverjum mánuði allt árið.

Alls munu 15 íslenskir sjónvarpsþættir hefja göngu sína á fyrstu þremur mánuðum nýs árs og margir eru á teikniborðinu. Við höfum fengið til liðs við okkur frábært hæfileikafólk sem mun í bland við það reynslumikla blómstra hjá okkur.

Við erum í mikilli tækniþróun á myndlyklinum, Stöðvar 2 appinu og vefsjónvarpinu. Fljótlega verða kynntar umfangsmiklar breytingar sem munu hafa mikil áhrif á upplifun viðskiptavina okkar. Við stefnum á að vera fyrst og fremst í Stöðvar 2 appinu þótt myndlykilinn muni áfram gegna stóru hlutverki.

Stöð 2 Sport

Íþróttadeildin hefur sömuleiðis aukið framleiðslu á íslensku íþróttaefni og gæðin verða sífellt betri. Einn af hápunktum íþróttadeildarinnar var Evrópumótið í knattspyrnu sem var gríðarlega umfangsmikið. Mikið var lagt í íslenska umfjöllun um mótið, hitað upp fyrir hvern leik og allir leikir gerðir upp í myndveri með færustu knattspyrnusérfræðingum landsins.

Nýr samningur um sýningarrétt frá efstu deildum karla og kvenna í knattspyrnu var gerður til næstu fimm ára. Stöð 2 Sport hefur sýnt frá íslenskri knattspyrnu frá 1997 og verður áfram heimili fótboltans. Áhorf á liðnu ári var með mesta móti enda hafa beinar útsendingar og þættir aldrei verið fleiri.

Stöð 2 Sport sýnir einnig frá efstu deildum handbolta og körfubolta ásamt því að sinna metnaðarfullri umfjöllun um íþróttirnar. Áhugi á efninu eykst með ári hverju samhliða aukinni umfjöllun og öflugri dagskrárgerð.

Auk beinna útsendinga og umfjöllunarþátta um íslenskar íþróttir hefur Stöð 2 Sport framleitt fleiri þætti og meira heimildaefni. Meðal þess sem var frumsýnt árið 2021 var þáttaröðin Víkingar – fullkominn endir sem fjallaði um Íslands- og bikarmeistara Víkings. Þá var viðtalsþáttaröðin Foringjarnir sýnd.

Við erum með háleit markmið um að bæta enn frekar í enda fjölgar sífellt í hópi áskrifenda. Nýir íslenskir íþróttaþættir eru í burðarliðnum fyrir næsta ár auk þess sem nýr sportheimur mun líta dagsins ljós á nýju ári í myndlyklum og í appinu. Við ætlum að sinna íslenskum íþróttum af kostgæfni og alúð, nú sem endranær.

Útvarpið

Þróunin á útvarpsmiðlum hefur verið mjög jákvæð en þeir eru í harðri samkeppni við aðrar útvarpsstöðvar í landinu. Það er staðreynd að Bylgjan er oftast vinsælasta útvarpsstöð landsins og í heild eru útvarpsmiðlar okkar þeir langstærstu.

Við höfum verið að bæta við glæsilega flóru okkar í þáttargerð. Það má nefna að við byrjuðum síðasta vetur með Bylgjan - órafmagnað sem er tónleikaröð sem urðu sjö þættir og fékk frábær viðbrögð frá tónlistarfólki og hlustendum, einnig sýndum við þetta á Stöð 2 vísir.

Við höfum einnig verið að gera sérþætti um allra bestu tónlistarmennina okkar. Þorgeir Ástvalds hefur verið að taka saman sögulega þætti um eldri tónlistarmenn sem hafa í áratugi fært okkur margar perlur. Þessir þættir nýtast bæði í útvarpi og hlaðvarpi sem sögulegar heimildir.

Einnig höfum við aukið vægi íslenskrar tónlistar á Bylgjunni og má nefna að af 20 vinsælustu lögum ársins 2021 voru 14 íslensk en það hefur aldrei gerst áður.

Útvarpið mun vaxa enn frekar á næsta ári. Við höfum gert góðar breytingar og fengið til liðs við okkur nýja þáttastjórnendur sem skila enn betri árangri og halda okkur enn ferskari og fjölbreyttari.

Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöðvar 2 úthlutaði styrkjum til 30 listamanna í ágúst. Með stuðningi við íslenskt tónlistarfólk eflum við og auðgum íslenska menningu og fjölmiðlastarfsemi.

Hlaðvarp

Í haust settum við í gang nýja hlaðvarpsveitu, Tal, en við munum sjá mikinn vöxt hennar á komandi mánuðum. Þar hefur útvarpsfólkið okkar nýst mjög vel og Blökastið var fyrsti þátturinn í veitunni og fór áskriftarsalan fram úr björtustu vonum. Fjölmargir hlaðvarpsþættir komu í kjölfar þeirra og strax í janúar bætast nýir þættir í flóruna. Til að byrja með hefur aðgengi að þáttunum verið á vefsíðunni tal.visir.is en nýtt app verður gefið út á næstunni.

Innherji

Nýr viðskiptamiðill, Innherji, hóf göngu sína í október. Hann hefur strax markað spor í umfjöllun um íslenskt viðskiptalíf. Á nýju ári verður Innherji eingöngu opinn áskrifendum og bindum við miklar vonir við góðan árangur í áskriftarsölu.

Auglýsingadeild

Í ágúst var ákveðið að færa auglýsingadeildina undir fjölmiðlahluta fyrirtækisins. Í kjölfarið var ráðinn nýr auglýsingastjóri með mikla reynslu úr bransanum.

Áherslubreytingar voru gerðar á deildinni og í framhaldinu styttum við auglýsingatíma í sjónvarpi og útvarpi, hættum með auglýsingar í miðjum sjónvarpsþáttum og hækkuðum meðalverð á auglýsingum almennt.

Þessi aðgerð er fyrst og fremst hugsuð til þess að bæta upplifun áskrifenda okkar og auka gæði auglýsingahólfa. Breytingarnar leiddu meðal annars til þess að sala á auglýsingum hefur aukist undanfarna mánuði og var yfir áætlunum á síðustu mánuðum ársins.

STARFSEMIN

Nýsköpun í rótgrónu fyrirtæki

Við hugsum fram á við og komum til móts við síbreytilegar þarfir viðskipavina okkar með nýjum vörum og þjónustu.

Nýtt upphaf í viðskiptaþróun

Á liðnu ári lögðum við grunninn að nýrri þjónustu og vörum. Við kynntum til leiks Innherja og Tal sem verða veigamikill partur af nýju og spennandi framboði á Vísi. Jafnframt höfum við tekið fyrstu skrefin í að auka þjónustuframboð fyrirtækjasviðs út fyrir hefðbundnar fjarskipta- og samskiptalausnir með tilkomu færsluhirðingar á vegum fyrirtækjasviðs Vodafone.

Innherji

Innherji er nýr miðill innan Vísis. Markmiðið með Innherja er að vera leiðandi í umfjöllun um viðskiptalífið, efnahagsmál og stjórnmál á Íslandi. Þessi nýja útgáfa fór í loftið í nóvember og er aðgengileg öllum fyrst um sinn. Að loknu kynningartímabili mun Innherji verða fyrsta útgáfan innan Vísis sem verður í áskrift.

Tal

Hlaðvörp eru orðin veigamikill partur af fjölmiðlaflóru nútímans. Markmið okkar er að Tal verði heimili íslenskra hlaðvarpa. Þróun á Tal byrjaði með tilkomu Blökastsins sem er áskriftarhlaðvarp og viðbót við vinsæla FM95Blö útvarpsþáttinn. Í lok nóvember var svo Tal kynnt formlega til leiks þar sem notendur Vísis geta nálgast úrval íslenskra hlaðvarpa, bæði opin og í áskrift. Tal er í stöðugri þróun og eru fjölmargar nýjungar í farvatninu, bæði hvað varðar dreifingu og framleiðslu á efni. Þungavigtin, Harmageddon og Átján plús bættust í hóp hlaðvarpa í áskrift og í byrjun árs 2022 var innleiðingu Tals í útvarpsöpp Sýnar hleypt af stokkunum.

Færsluhirðing

Fyrirtækjaþjónusta Vodafone leggur sig fram við að koma til móts við mismunandi þarfir fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum, allt frá einyrkjum upp í stærstu fyrirtæki og stofnanir landsins. Samhliða uppgjöri fyrir þriðja ársfjórðung 2021 kynntum við áform okkar um að bæta enn fremur vöruframboð okkar á fyrirtækjasviði. Í byrjun árs 2022 förum við af stað með færsluhirðingu í samstarfi við leiðandi evrópskt fjártæknifyritæki. Markmið okkar er að geta boðið viðskiptavinum okkar upp á áreiðanlegar og hagkvæmar greiðslulausnir sem henta vel þörfum á íslenskum markaði.

STARFSEMIN

Innviðasala

Að fordæmi Vodafone Global, sem skráði Vantage Towers, stærsta turnafyrirtæki Evrópu, á markað, setti félagið í gang sölu á óvirkum farsímainnviðum. Á mynd má sjá hvað flokkast undir óvirka innviði en í grófum dráttum samanstanda þeir af steypu og stáli en enginn tæknibúnaður var seldur. Kaupandi óvirku innviðanna er DigitalBridge sem hét áður Digital Colony. DigitalBridge er bandarískt fyrirtæki undir stjórn Marcs Ganzis sem er vel þekktur í innviðaheiminum. Samningurinn var undirritaður 31. mars 2021 og var söluverðið 6,95 ma.kr. Fjárhæðin var öll greidd fyrir jól en söluhagnaðurinn er 6,5 ma.kr.

Það er hagkvæmt að selja innviði vegna mismunandi skilyrða um fjárfestingar stofnfjárfesta. Ástæðan er sú að margfaldarar í verðlagningu eru mun hærri í tengslum við innviði en almennan rekstur. Við seldum óvirku innviðina á margfeldi á EBITDA sem er óheyrt í tengslum við almennan rekstur. Þetta er hagkvæmt fyrir alla hlutaðeigandi. Hluthafar okkar fá fjármagn til baka og það dregur úr áhættu lánveitenda og skuldsetningu félagsins. Alþjóðlega hefur þessi þróun átt sér stað á síðustu áratugum og nú er félagið í stöðu til að taka þátt í því ferli. Félagið hefur áður sagt frá því að það er að undirbúa frekari sölu á innviðum á næstu misserum.



	Asset	Owner
1	Active radio transmission equipment	Vodafone
2	Antennae & cables (fibre / feeders)	Vodafone
3	Physical tower, masts & pole	TowerCo
4	Foundation & fencing	TowerCo
5	Contractual right to occupy site area	TowerCo
6	Power equipment	Vodafone
7	Cooling system	Vodafone

	Asset	Owner
8	Surveillance systems	Vodafone
9	Access facilities	TowerCo
10	Outdoor cabinet	Vodafone
11	Shelter / service rooms	TowerCo
12	Emergency equipment	TowerCo
13	Cable routing (duct)	TowerCo
14	Mounting equipment	TowerCo

STARFSEMIN

Mannauður og menning

Til þess að ná framúrskarandi árangri þarf framúrskarandi fólk í hverja stöðu. Starfsfólk okkar hefur sýnt það og sannað síðustu misseri að það hefur einstaka aðlögunarhæfni, er útsjónasamt og býr yfir hugmyndaauðgi sem á sér engin takmörk.

Síðastliðið ár, líkt og árið áður, einkenndist af samkomutakmörkunum sem settu fyrirtækinu ákveðnar skorður og kröfðust nýrrar nálgunar við vinnu. Hverri áskorun hefur verið mætt með jákvæðu hugarfari og lausnum. Við höfum þurft að vera skapandi til að láta hlutina ganga upp og halda áfram að veita viðskiptavinum okkar fyrsta flokks þjónustu. Við höfum lært að tileinka okkur nýtt vinnulag með aukinni fjarvinnu. Þrátt fyrir marga góða kosti fjarvinnu höfum við þó enn trú á mikilvægi þess að koma reglulega saman, skiptast á skoðunum, hafa gaman og um leið styrkja öfluga liðsheild. Þannig er menningin okkar og svona náum við árangri.

Jafnréttismál
Jafnréttismál voru ofarlega á baugi á árinu líkt og undanfarin ár. Í því sambandi má nefna að jafnréttisráð félagsins var stóreflt á árinu og í því eru nú tíu starfsmenn sem lýstu sjálfir yfir áhuga á að taka þátt í því. Þá var jafnréttisáætlun félagsins uppfærð og hún samþykkt af Jafnréttisstofu. Fræðsla á sviði jafnréttismála var einnig efld og stóð fyrirtækið meðal annars fyrir opnum fræðsluviðburði, Sjónaukanum, þar sem sjónum var beint að því hvað hver og einn getur gert til að taka afstöðu gegn kynbundnu ofbeldi.

Sjónaukinn
Á haustmánuðum kom upp sú hugmynd að nýta sérstöðu okkar og innviði í að beina sjónum að mikilvægum málefnum sem brenna á þjóðinni hverju sinni. Úr varð umræðuvettvangurinn Sjóna ukinn en markmið hans er að auka sýn og skilning fólks á ákveðnu málefni. Í fyrsta þætti Sjónaukans var sjónum beint að kynbundnu ofbeldi sem hefur mikið verið í umræðunni á árinu. Þórdís Valsdóttir dagskrárgerðarkona fékk til sín frábæra gesti í settið, þau Hönnu Björgu Vilhjálmsdóttur, Gest Pálmason og Mána Pétursson. Leitast var við að varpa ljósi á það hvað hver og einn gæti gert til þess að taka afstöðu gegn kynbundnu ofbeldi.

Jafnlaunavottun
Um miðjan júní fór fram árleg endurúttekt á jafnlaunavottun félagsins. Vottunin er lögbundin og framkvæmd af BSI á Íslandi. Óhætt er að segja að vel hafi tekist til en niðurstaða úttektarinnar leiddi í ljós að óútskýrður launamunur er aðeins 0,6%, körlum í vil en var 1,9% árið áður. Markmiðið er auðvitað að hafa engan launamun og stefnum við enn ótrauð að því marki. Það er ljóst að vinna síðustu ára skilar sér og jafnlaunakerfið sem við höfum smíðað og unnið að gerir gagn.

Reglulegar vinnustaðagreiningar með HR Monitor
Á haustmánuðum voru reglulegar mannauðsmælingar frá HR monitor teknar í notkun. Markmiðið með innleiðingunni var að fá aukna innsýn í mannauðinn, auka starfsánægju og gefa starfsfólki kost á að koma athugasemdum sínum á framfæri. Kannanirnar eru sendar út í hverjum mánuði og gera því stjórnendum kleift að fylgjast með líðan starfsmanna í rauntíma. HR monitor hjálpar okkur að koma auga á tækifæri í starfseminni og vinna statt og stöðugt að því að gera vinnustaðinn betri í dag en í gær.

UNI
Markmið félagsins er að veita starfsfólki viðeigandi þjálfun og fræðslu á hverjum tíma fyrir sig. UNI er regnhlífarhugtak sem nær yfir allt það fræðslustarf sem unnið er innan Sýnar. Með UNI leggjum við áherslu á góða og samræmda grunnþjálfun á sama tíma og við veitum sérhæfða þjálfun og fræðslu sem hentar ólíkum störfum.

Fræðsla UNI fer fram með tvenns konar hætti, þ.e. í gegnum rafræna fyrirlestra eða staðnámskeið. Allir starfsmenn sem hefja störf hjá félaginu fara í gegnum nýliðanámskeið UNI þar sem stjórnendur og helstu sérfræðingar kynna starfsemi félagsins, skipulag og verklag sem gott er að tileinka sér við starfsupphaf. Grunnnámskeið UNI fer að jafnaði fram við upphaf hvers ársfjórðungs eða um fjórum sinnum á ári. Nýliðanámskeiðin voru í fyrsta sinn öll í beinni útsendingu á innri vef félagsins sem gaf öðru starfsfólki kost á að rifja upp einstaka viðfangsefni.

Hin ýmsu námskeið voru haldin á árinu sem sneru meðal annars að öryggis- og gæðamálum, almennri kerfisþekkingu, andlegri líðan og síðast en ekki síst jafnréttismálum sem var miðpunktur í innri fræðslu félagsins árið 2021.

Meðalstarfsaldur í árum

7

Fjöldi stöðugilda

453

Meðalaldur í árum

38

Kynjahlutföll



Kynjahlutföll stjórnenda

(Framkvæmdastjórn og forstöðumenn)



Fjöldi námskeiða





STARFSEMIN

Upplýsingaöryggi og persónuvernd

Sýn leggur áherslu á vernd upplýsinga viðskiptavina og starfsfólks. Félagið hefur sett sér persónuverndarstefnu sem hægt er að nálgast á vef félagsins. Stjórnkerfi upplýsingaöryggis samkvæmt alþjóðlega ISO 27001 staðlinum hefur verið vottað og í rekstri frá árinu 2014. Það myndar ramma utan um vernd upplýsinga.

Stefna í upplýsingaöryggi

Félagið hefur frá upphafi lagt áherslu á að allt rekstrar- og þjónustuumhverfi þess sé öruggt og að þekking, hæfi og fagmennska starfsmanna sé til fyrirmyndar þegar kemur að upplýsingaöryggi og persónuvernd. Meðal starfsmanna eru sérfræðingar í upplýsingaöryggi sem hlotið hafa sértæka öryggisþjálfun, bæði hvað varðar rekstur upplýsingatæknikerfa og ferla upplýsingaöryggis. Félagið notar við það viðurkenndar og vottaðar aðferðir við að lágmarka ógnir og áhættu sem kann að steðja að upplýsingatæknikerfum þess.

Á hverju ári er gerður fjöldi prófana sem snúa að öryggi innviða en einnig eru gerðar prófanir á þeim innviðum, umhverfi og kerfum sem félagið á, þjónustar og rekur.

Samvinna á sviði upplýsingaöryggis

Á sviði upplýsingaöryggis leitast félagið einnig við að sækja sér þekkingu þar sem hún er best. Við höfum árum saman unnið með helstu sérfræðingum landsins í upplýsingaöryggi ásamt því að njóta góðs af samstarfinu við Vodafone Group. Sérfræðingar félagsins hafa unnið náið með samstarfsaðilum á sviði upplýsingaöryggis með það fyrir augum að þróa öryggismál þess áfram og samkvæmt bestu aðferðum.

Á árinu hefur samstarf aukist með eflingu netöryggissveitar Fjarskiptastofu CERT-ÍS og í framhaldinu jókst samstarf fjarskiptafélaga í upplýsingaöryggi. Unnið hefur verið að verklagi við viðbrögðum við atburðum, s.s. smishing sms-um en mikil aukning hefur verið á slíkum árásum undanfarin misseri.

Í lok árs kom fram einn stærsti veikleiki upplýsingatæknikerfa frá upphafi, Log4j. Ríkislögreglustjóri í samráði við netöryggissveit CERT-IS og Fjarskiptastofu lýstu yfir óvissustigi almannavarna vegna Log4j veikleikans í fyrsta sinn. Unnið var skv. viðbragðsáætlun almannavarna og CERT-IS um verndun ómissandi upplýsingainnviða. Það er mikilvægt að taka fram að þessi veikleiki var ekki sérislenskt fyrirbrigði heldur vandamál um allan heim. Hann beindist fyrst og fremst að rekstri net- og tölvukerfa. Almenningur þurfti því ekki að óttast hann sérstaklega þegar kemur að heimilistölvunni eða farsímanum.

Ljóst er að slíkt samstarf kemur til með að aukast næstu misseri þar sem reiknað er með að slíkum atvikum fari fjölgandi á næstu árum. Það getur því skipt sköpum að mikilvægir innviðir bregðist við á samræmdan hátt.

STARFSEMIN

Brot af því besta

SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Sjálfbærni

Sýn gefur út samfélagsskýrslu þar sem m.a. er sagt frá starfsemi félagsins og verkefnum tengdum samfélagslegri ábyrgð. Þar er einnig að finna sjálfbærniuppgjör sem heldur utan um upplýsingar um árangur og framgang félagsins sem tengist umhverfismálum, félagslegum þáttum og stjórnarháttum frá árinu 2015.

Félagið sýnir samfélagsábyrgð í verki með því að sinna hlutverki sínu sem fjarskipta- og fjölmiðlafyrirtæki af fagmennsku og ábyrgð.

Samfélagsábyrgð félagsins skiptist í þrjú áherslusvið: sameiginlegt virði, sjálfbærni og hlítni.

Umhverfisþættir

Sýn hf. hefur sett stefnu og ákveðin markmið í umhverfis- og loftslagsmálum sem eru til þess fallin að draga úr mengun og hafa þannig jákvæð áhrif á vistspor félagsins.

Félagið er staðráðið í því að vernda umhverfið og hefur einsett sér að efla vistvænar samgöngur, draga úr myndun úrgangs og stuðla að betri orkunýtingu. Félagið ætlar að ganga um landið af virðingu, með umhverfisvernd að leiðarljósi. Þannig er ávallt leitast við að framkvæmdir á vegum þess valdi sem minnstu umhverfisraski. Félagið hefur sett sér það markmið að flokka allt sorp sem fellur til í starfseminni, auka þannig endurvinnslu og draga úr ónauðsynlegri urðun á sorpi. Félagið leitast við að lágmarka notkun á óendurnýjanlegum auðlindum og losun skaðlegra efna út í umhverfið eins og kostur er. Þá vinnur það með viðskiptavinum, birgjum og verktökum að því að þróa vörur og þjónustu til að lágmarka áhrifin sem það hefur á umhverfið.

Markmið:

- Minnkun eldsneytisnotkunar
- Samdráttur í prentun pappírs minnki á milli ára
- Hlutfall flokkaðs úrgangs verði 70%

Þróun eldsneytiskostnaðar bifreiða



Heildarþyngd prentaðs pappírs



Meðhöndlun úrgangs



Félagslegir þættir

Félagið leggur ríka áherslu á félagsleg málefni og veitir víðtæka þjónustu sem skiptir miklu máli fyrir innviði samfélagsins, samskipti fólks og rekstur fyrirtækja og stofnana. Félagið tekur hlutverk sitt alvarlega og leggur sig fram um að vera fyrirmynd annarra í ýmsum samfélagsmálum. Það fylgir í hvívetna lögum og reglum og einsetur sér að vernda umhverfið og sýna starfsfólki sínu, birgjum og viðskiptavinum virðingu í öllum samskiptum. Félagið gerir sömu kröfu til birgja og fer fram á að þeir geri ekkert sem kann að orka tvímælis hvað þetta samfélagslega hlutverk varðar og að þeir taki samfélagslegt hlutverk sitt alvarlega. Birgjar skulu ganga vel um náttúruna, hirða eftir sig rusl og valda þannig ekki spjöllum við framkvæmdir.

Félagið hefur skýra stefnu og viðbragðsáætlun gegn einelti, áreitni og ofbeldi á vinnustaðnum. Gerð er krafa um að starfsmenn sýni samstarfsfólki alltaf kurteisi og virðingu í samskiptum. Einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin áreitni og ofbeldi er ekki undir nokkrum kringumstæðum umborið.

Hjá félaginu ríkir skýr jafnlaunastefna og jafnréttisáætlun sem fylgt er í hvívetna. Fyrirtækið hefur áður hlotið Hvatningarverðlaun jafnréttismála. Þá stenst það einnig ströngustu kröfur jafnlaunastaðalsins ÍST 85:2012 og er því jafnlaunavottað fyrirtæki.

Markmið:

- Að vera til fyrirmyndar þegar kemur að jafnlaunamálum og skapa þannig umhverfi að tryggt sé að starfsmenn njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.
- Öll kyn fái greidd jöfn laun og njóti jafnra kjara fyrir sömu eða jafn verðmæt störf.

Niðurstaða síðustu jafnlaunaúttektar leiddi í ljós að óútskýrður launamunur er aðeins 0,6%, körlum í vil en var 1,9% árið áður. Markmiðið er auðvitað að hafa engan launamun og stefnum við enn ótrauð að því marki.



Stjórnarhættir

Stjórn Sýnar leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og fylgir þeim viðurkenndu leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af **Viðskiptaráði Íslands** í samstarfi við **Samtök atvinnulífsins** og **Nasdaq Iceland** með það að markmiði að styrkja innviði Sýnar hf. og auka gagnsæi.

- Fyrirtækið hefur verið vottað fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum.
- Félagið uppfærði Siðarreglur félagsins á árinu

Í stjórn Sýnar sitja fimm manns, þrjár konur og tveir karlar.



Lykilþættir sjálfbærnisuppgjörs Sýnar

Bein og óbein losun gróðurhúsa lofttegunda

Við útreikninga er stuðst við „The Greenhouse Gas Protocol“ sem er stöðluð aðferðafræði sem innleidd hefur verið af fjölda fyrirtækja um allan heim með góðum árangri. The Greenhouse Gas Protocol skiptir losun upp í umfang 1, 2 og 3. Þetta er gert til að greina í sundur beina og óbeina losun.

Umfang 1

Í tilfelli Sýnar er um að ræða losun vegna eldsneytisnotkunar bifreiða í rekstri félagsins. Eins og sjá má hefur dregið verulega úr losun en rekja má þann samdrátt til sölu á dísel og bensínbifreiðum árið 2019 og leigu á rafmagnsbifreiðum sem tóku þeirra stað.

Koltvísýringsgildi

Losun gróðurhúsalofttegunda er mæld í tonnum svolkallaðra koltvísýringsgilda (tCO2Í). Koltvísýringsígildi er mælieining sem lýsir því magni koltvísýrings sem hefur sama hnatthlýnunarmátt (e. GWP, global warming potential) og tiltekin blanda annarra gróðurhúsalofttegunda miðað við hundrað ára tímabil. Til að mynda jafngildir matan (CH4) u.þ.b. 25 koltvísýsingsígildum og nituroxíð (N2O) u.þ.b. 298 koltvísýringsígildum. Uppgjörið tekur því tillit til allra gróðurhúsalofttegunda og er losun birt í tonnum CO2 ígilda.

Sýn kolefnisjafnar öllum rekstri sínum fyrir árið 2021 í samstarfi við Kolvið. Félagið hvetur starfsfólk einnig til þess að nota aðra ferðamáta en einkabílinn til að komast til og frá vinnu og er hvatningin í formi samgöngustyrks.

Rekstrarþættir

REKSTRARBREYTUR	EINING	2019	2020	2021
Heildartekjur	m. ISK	19.811,0	20.786,0	
Eigið fé alls	m. ISK	8.798,0	8.549,0	
Fjöldi stöðugilda	starfsgildi	522,0	457,0	
Heildarrými fyrir eigin rekstur	m^2	5.816,0	5.816,0	8.284,0

Umhverfi

LOSUNARHÆFNI GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA	EINING	2018	2019	2020	2021
Losunarkræfni orku	$kgCO_2í/MWst$	36,4	36,2	24,9	27,3
Losunarkræfni starfsmanna	$kgCO_2í/stöðug$	609,38	694,43	537,21	
Losunarkræfni tekna	$kgCO_2í/milljón$	16,16	18,30	11,81	27,3
Losunarkræfni eiginfjár	$kgCO_2í/MWst$	33,12	41,20	28,72	
Losunarhæfni á hvern fermetra	$kgCO_2í/m^2$	87,40	62,33	42,21	30,31

Nasdaq: E2|UNGC:P7,P8|GRI: 305-4|SDG:13|SASB:General Issue / GHC Emissions, Energy Management

Losunarkræfni hefur dregist umtalsvert saman. Skýringin er m.a. sú að áður var eingöngu tekið með í fermetratöluna skrifstofuhúsnæði en nú er fermetrafjöldi m.v. framleiðslurými.

ORKUKRÆFNI	EINING	2018	2019	2020	2021
Orkukræfni starfsmanna	kWst/stöðugildi	16.719,2	19.167,8	21.598,0	
Orkukræfni tekna	kWst/milljón	443,3	505,1	474,9	
Orkukræfni á fermetra	kWst/m^2	2.397,9	1.720,4	1.697,1	1.112,2

Nasdaq: E4|UNGC:P7,P8|GRI:302-3|SDG:12|SASB:General Issue/Energy Management

Lækkun á orkukræfni á fermetra skýrist einnig vegna uppfærslu á fermetrafjölda.

ÚRGANGSKRÆFNI	EINING	2018	2019	2020	2021
Úrgangskræfni starfsmanna	kg/stöðugildi	187,0	208,2	103,3	
Úrgangskræfni veltu	kg/milljón ISK	5,0	5,5	2,3	

Árið 2021 voru sótt 112,6 kg af sorpi á hvert stöðugildi en 103,3 kg árið 2020 sem skýrist m.a. vegna meiri heimavinnu.

GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDIR	EINING	2019	2020	2021
Umfang 1	$tCO_2Í$	180,0	130,2	117,0
Umfang 2 (landsnetið)	$tCO_2Í$	89,3	94,9	89,5 [2]
Umfang 1 og 2	$tCO_2Í$	269,2	225,1	206,5
Umfang 3	$tCO_2Í$	93,2	20,5	44,7
Losun gróðurhúsalofttegunda (Umfang 1, 2 og 3)	$tCO_2Í$	362,5	245,5	251,1

Nasdaq: E1|UNGC: P7|GRI: 305-1,305-2,305-3|SASB: General Issue / GHC Emissions|TCFD: Metrics & Targets

UMFANG 1 - SAMSETNING LOSUNAR	EINING	2019	2020	2021
Heildarlosun	$tCO_2Í$	180,0	130,2	117,0
Staðbundin eldsneytisnotkun	$tCO_2Í$		7,3	
Eldsneytisnotkun farartækja	$tCO_2Í$	180,0	122,9	117,0

UMFANG 2 - SAMSETNING LOSUNAR	EINING	2019	2020	2021
Heildarlosun	$tCO_2Í$	89,3	94,9	89,5
Rafmagn	$tCO_2Í$	71,5	77,3	76,8
Hitaveita	$tCO_2Í$	17,8	17,6	12,7

UMFANG 3 - LOSUN Á FYRRI STIGUM	EINING	2019	2020	2021
Flokkur 3: Eldsneytis- og orkutengd starfsemi				
Heildarlosun	$tCO_2Í$			32,1
Losun á fyrri stigum vegna eldsneytisnotkunar	$tCO_2Í$			29,5
Losun á fyrri stigum vegna rafmagnsnotkunar	$tCO_2Í$			2,6
Flutnings- og dreifitap raforku og hitaveitu	$tCO_2Í$			0,0
Framleiðsla á áframseldri orku	$tCO_2Í$			29,5
Flokkur 5: Úrgangur frá rekstri				
Heildarlosun	$tCO_2Í$	34,4	13,2	11,3
Flutningur, förgun og meðhöndlun á úrgangi	$tCO_2Í$	34,4	13,2	11,3
Flokkur 6: Viðskiptaferðir				
Heildarlosun	$tCO_2Í$	58,8	7,2	1,3
Flugferðir	$tCO_2Í$	58,8	6,9	1,3
Bílferðir	$tCO_2Í$		0,3	

Félagslegirþættir

LAUNAMUNUR KYNJA	EINING	2019	2020	2021
Miðgildi heildarlauna karla (X) sem hlutfall af miðgildi heildarlauna kvenna	X:1	1,30	1,45	1,17
Niðurstaða jafnlaunavottunar	%	1,60%	1,90%	0,60%

S2|UNGC: P6| SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion

Niðurstaða síðustu jafnlaunaúttektar leiddi í ljós að óútskýrður launamunur er aðeins 0,6%, körlum í vil en var 1,9% árið áður. Markmiðið er auðvitað að hafa engan launamun og stefnum við enn ótrauð að því marki.

KYNJAFJÖLBREYTNI	EINING	2019	2020	2021
Starfsmannafjöldi				
Hlutfall kvenna í fyrirtækinu	%	33%	30%	34%
Konur	fjöldi	193,0	137,0	150,0
Karlar	fjöldi	392,0	320,0	303,0

Í gegnum tíðina hafa mun fleiri karlar en konur starfað hjá félaginu sem skýrist að miklu leyti af þeim fjölmörgu tæknistörfum sem hjá okkur eru unnin. Á síðasta ári fækkaði starfsfólki en hlutur kvenna jókst um 4% milli ára. Við höfum markvisst lagt áherslu á að rétta af kynjahlutföll í öllum einingum og erum að ná marktækum árangri þó enn sé töluvert í að hlutföllin jafnist út.

Stjórnarhættir

KYNJAHLUTFALL Í STJÓRN	EINING	2019	2020	2021
Hlutfall kvenkyns stjórnarmeðlima (samanborið við karla)	%	60%	60%	60% [13]
Hlutfall kvenkyns nefndarformanna (samanborið við karla)	%	50,0%	40,0%	66,0%

G1| GRI 405-1| SDG: 10| SASB: General Issue / Employee Engagement, Diversity & Inclusion (See also: SASB Industry Standards)

Hlutfall kvenna í stjórn Sýnar hefur verið 60% síðastliðin 3 ár.

Sýn birtir ítarlegt umhverfisuppgjör ár hvert sem er að finna í kaflanum ófjárhagslegar upplýsingar í ársskýrslu félagsins. Í umhverfisuppgjöri Sýnar hefur náðst góður árangur í að safna saman gögnum með rafrænum gagnastraumum í gegnum kerfi Klappa Core.

SJÁLFBÆRNIUPPGJÖR SÝNAR

KOLVIÐUR SKÍRTEINI

HREIN ORKA

SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Samfélagið

Áhersla félagsins á samfélagslega ábyrgð hefur vaxið jafnt og þétt á síðustu árum. Félagið er aðili að ýmsum félagasamtökum, stoltur bakhjarl fjölbreyttra verkefna sem m.a. stuðla að uppbyggingu og framþróun og leggur þannig mikla áherslu á góð tengsl við samfélagið.

FESTA

Sýn er aðili að Festu, miðstöð um samfélagslega ábyrgð, og var eitt af 102 íslenskum fyrirtækjum sem skrifuðu undir sameiginlega yfirlýsingu fyrirtækja og stofnana um markmið í loftslagsmálum í nóvember 2015. Þau miðast að því að draga úr mengun og hafa þannig jákvæð áhrif á vistspor okkar.

TÓNSKÁLDASJÓÐUR BYLGJUNNAR OG STÖÐVAR 2

Tónskáldasjóður Bylgjunnar og Stöðvar 2 í samvinnu við STEF úthlutaði í ár alls sex milljónum til 30 listamanna. Markmiðið með sjóðnum er að styrkja tónskáld og textahöfunda til nýsköpunar. Meðal þeirra sem hlutu styrk í ár voru GDRN, Birnir, Doctor Victor, Hera Hjartar, Friðrik Dór, Milkhouse, Floni, Hipsumhaps, Huginn og Jón Jónsson. Eitt af meginmarkmiðum miðla Stöðvar 2 og Bylgjunnar er að efla þáttagerð í útvarpi og sjónvarpi þar sem íslensk tónlist er í öndvegi og með stuðningi við íslenskt tónlistarfólk. Með þessum hætti eflum við og auðgum íslenska menningu sem og fjölmiðlastarfsemi.

UN WOMEN

Vodafone hefur verið helsti bakhjarl FO-herferða UN Women frá upphafi verkefnisins. Síðastliðin ár hafa safnast yfir sjötíu milljónir króna til verkefna UN Women sem miða að því að uppræta ofbeldi gegn konum og stúlkum í fátækari ríkjum heims. Vodafone hefur frá upphafi verkefnisins greitt allan kostnað við framleiðslu söluvarnings fyrir FO-herferðir ásamt því að styðja við markaðsstarf þess. Með framlagi og stuðningi Vodafone hefur allur ágóði af sölu FO-varnings runnið beint til mikilvægra verkefna UN Women.

KSÍ

Vodafone á Íslandi er einn af stærstu bakhjörlum Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) en félögin eiga það sameiginlegt að vilja auka áhuga á knattspyrnu, styðja við starfsemi landsliða karla og kvenna og efla grasrótarstarf um land allt. Vodafone annast meðal annars fjarskiptaþjónustu KSÍ og veitir sambandinu tæknilega aðstoð. Þetta á meðal annars við á ferðalögum landsliðsins erlendis þar sem Vodafone á Íslandi tryggir öflugt og gott samband í samstarfi við Vodafone Group.

RÍSÍ

Vodafone er bakhjarl RÍSÍ sem leitast við að styðja við grasrótarstarf á sviði rafíþrótta á Íslandi og samstarfi við stjórnvöld, foreldra og kennara þegar kemur að málefnum rafíþrótta á landinu. Vodafone hefur síðustu misseri tekið virkan þátt í ýmiss konar viðburðum tengdum rafíþróttum, m.a. með Vodafone-deildinni í CS:OG auk stuðnings við dagskrárgerð Stöðvar 2 eSports. Einnig hefur Vodafone boðið upp á námskeið og fræðslu þátttakendum að kostnaðarlausu þar sem áhersla er lögð á ábyrga þátttöku í rafíþróttum og heilsu leikmanna. Rafíþróttir hafa reynst mörgum vel síðustu mánuði þegar ýmsar takmarkanir hafa verið á samkomum og þátttöku fólks í viðburðum af ýmsu tagi.

LANDSBJÖRG

Vodafone hefur verið bakhjarl Slysavarnafélagsins Landsbjargar í 13 ár. Fyrirtækið hefur einnig átt afar farsælt samstarf við félagið á sviði fjarskiptamála. Með samstarfinu vill Vodafone tryggja að starfsfólk félagsins og björgunarsveitir landsins hafi aðgang að bestu mögulegu fjarskiptaþjónustu. Samstarfið hefur í gegnum árin komið báðum aðilum til góða því björgunarsveitir Landsbjargar hafa reglulega upplýst Vodafone um svæði hér og þar á landinu þar sem bæta þurfi samband og Vodafone brugðist við ábendingum. Við erum stolt af því að vera treyst fyrir því mikilvæga verkefni að annast fjarskipti Landsbjargar og annarra viðbragðsaðila og tökum þá ábyrgð alvarlega. Við erum jafnframt þakklát fyrir ómetanlegt framlag sjálfboðaliða og hvetjum alla landsmenn til að styðja við mikilvægt starf Landsbjargar.

NEYÐARLÍNAN

Í apríl 2021, lagði Vodafone sitt af mörkum ásamt Neyðarlínunni í umræðunni um stafrænt ofbeldi. Markmið verkefnisins var að gera þolendum stafræns ofbeldis auðveldara að tilkynna brot. Hægt var að tilkynna brotið í gegnum þjónustuver félagsins eða í verslun Vodafone. Ásamt að auðvelda þolendum stafræns ofbeldis að tilkynna brot, stóð Vodafone og Neyðarlínan einnig að fyrirlestri sem bar heitið „112.is / Stafrænt Ofbeldi“.

UNICEF

Í apríl 2021 kynnti Vodafone í samstarfi við UNICEF á Íslandi einstakt verkefni sem talið er að hafi brotið blað í stafrænni markaðssetningu og tækniþróun. Verkefnið, sem bar heitið Veldu Núna, var stafrænn eltingaleikur um götur Reykjavíkur þar sem áhorfandinn sjálfur stjórnaði atburðarrásinni með raddstýringu eða smellum í gegnum snjalltækið sitt.

Átakið, sem skartaði leikurunum Anítu Briem og Snorra Engilbertssyni, gekk út á það að áhorfendur aðstoðuðu þau við að komast hjá illmenni sem var á eftir þeim. Útfærslan var algjörlega einstök og átti sér ekki hliðstæðu hérlendis. Með átakinu vildi UNICEF og Vodafone, vekja athygli á hvað það merkir að vera Heimsforeldri.

SKJÓLIÐ

Um páskana bauðst starfsfólki að láta andvirði páskaeggsins síns renna til Skjólsins sem er opið hús fyrir heimilislausar konur. Starfsfólk sýndi mikinn samhug og áhuga á verkefninu sem gerði það að verkum að talsverðir fjármunir söfnuðust. Skjólið hóf starfsemi sína á árinu og af því tilefni langaði okkur að færa því eitthvað efnislegt. Eftir samtal við starfsfólk Skjólsins var ákveðið að kaupa innréttingu í þvottahúsið og setja hana upp en að auki færðum við þeim sæg af möskurum, tannburstum, sokkum og öðrum nauðsynjavörum. Samhent átak starfsmanna skilaði fallegu góðverki



SAMFÉLAGSÁBYRGÐ

Heimsmarkmiðin

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun tóku gildi árið 2016 og gilda til ársins 2030. Þessi víðtæku 17 markmið, sem ríki heims hafa komið sér saman um, stefna að því að tryggja velmegun og mannréttindi um allan heim. Markmiðunum er ætlað að vera ákveðinn leiðarvísir fyrir samfélög og fyrirtæki um hvar áherslurnar ættu að liggja þegar litið er til velmegunar og mannréttinda.

Heimsmarkmiðin eru samþætt og órjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stoða sjálfbærrar þróunar: hinnar efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu.

Hér má sjá hvernig Sýn tengir starfsemi sína við nokkur heimsmarkmiðanna.

REKSTUR

Rekstraryfirlit 2021

Árið 2021 voru óvirkir farsímainnviðir seldir og nam söluandvirðið 6.946 m.kr. Bókfært verð eignanna sem voru seldar var 401 m.kr. og söluhagnaður því rúmir 6,5 ma.kr. Samhliða sölunni var gerður langtíma leigusamningur. Í samræmi við reikningsskilastaðla er hluta af söluhagnaði frestað. Árið 2021 var bókfærður söluhagnaður að frádregnum kostnaði við söluna að fjárhæð 2.552 m.kr.

Grunnrekstur félagsins batnar á milli ára og var EBIT leiðrétt fyrir hagnaði af innviðasölu 734 m.kr. sem er hækkun um 573 m.kr á milli ára.

Heildartekjur

Tekjur ársins 2021 af reglulegri starfsemi námu 21.765 m.kr. og hækkuðu um 821 m.kr. á milli ára eða um 3,9%. Vöxtur í farsímatekjum og fjölmiðlatekjum eru helstu ástæður tekjuvaxtar. Hækkun farsímatekna skýrist aðallega af auknum IoT tekjum en hækkun reikitekna hefur jafnframt áhrif en þær hækka um 40% á milli ára. Áhrif heimsfaraldurs á reikitekjur gætir enn, þær voru helmingi lægri en fyrir faraldurinn.



Skipting tekjustrauma

Fjölmiðlun heldur áfram að vera stærsti einstaki tekjustraumurinn en tekjurnar voru 38,5% af heildartekjum félagsins. Vöxtur í farsímatekjum hefur þau áhrif að farsímatekjur eru orðinn næst stærsti tekjustraumurinn en tekjurnar voru 21,2% af heildartekjum.



EBITDA

EBITDA nam 8.984 á árinu 2021. EBITDA leiðrétt fyrir áhrifum af innviðasölu nam 6.432 m.kr. og hækkaði um 693 m.kr. miðað við árið 2020. Aðlagað EBITDA hlutfall var 29,6% árið 2021 samanborið við 27,4% árið 2020.



REKSTUR

Efnahagur og sjóðstreymi

Heildareignir og veltufjárhlutfall

Heildareignir samstæðunnar námu 36.501 í árslok og hækkuðu um 18,3% á milli ára. Hækkunin á milli ára er að miklu leyti til komin vegna hækkunar leigueigna um 2.822 m.kr. vegna langtímaleigusamnings sem var gerður samhliða sölu óvirka innviða og hækkunar á handbæru fé um 3.383 m.kr. vegna innviðasölu og hækkun á viðskiptakröfu vegna virðisaukaskatts af innviðasölu en sú krafa endurspeglast einnig í hærri skammtímaskuldum.

Veltufjárhlutfall var 1,58 í lok árs 2021 samanborið við 1,10 í lok árs 2020. í byrjun árs 2022 samþykkti stjórn kaup á eigin bréfum fyrir 1.390 m.kr. Í framhaldi var virkjuð endurkaupaáætlun en heildarkaupverð verður ekki hærra en 600 m.kr. Þegar leiðrétt er fyrir þessum liðum er leiðrétt veltufjárhlutfall 1,31.


31.978
1,3
30.862
1,1
36.501
1,6
2019
2020
2021
Heildareignir
Veltufjárhlutfall

Eigið fé og eiginfjárhlutfall

Í lok ársins 2021 var eigið fé 10.535 m. kr. og eiginfjárhlutfall var 28,9%. Útistandandi hlutafé í lok tímabilsins nam 2.964 m.kr. og stóð óbreytt frá árslokum 2020. Líkt og var fjallað um hér að framan var endurkaupaáætlun virkjuð í byrjun árs 2022, ef leiðrétt er fyrir kaupunum er leiðrétt eigið fé 8.545 m.kr og leiðrétt eiginfjárhlutfall 24,8%.



Hreinar vaxtaberandi skuldir/EBITDA

Hreinar vaxtaberandi skuldir námi 14.073 m.kr í árslok 2021 og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði leiðréttum fyrir áhrifum innviðasölu sl. 12 mánaða 2,5.

Hreinar vaxtaberandi skuldir/EBITDA

Hreinar vaxtaberandi skuldir námi 14.073 m.kr í árslok 2021 og var hlutfall þeirra á móti EBITDA hagnaði leiðréttum fyrir áhrifum innviðasölu sl. 12 mánaða 2,5.



Fjárfestingar

Rekstarfjárfestingar námu 1.214 m.kr. á árinu 2021 og hækkuðu um 16% á milli ára sem skýrist af mestu af hærri fjárfestingum í innri kerfum. Hlutfall fjárfestinga af tekjum var 5,6%.



Frjálst fjárflæði

Frjálst fjárflæði félagsins á árinu 2021 var 9.853 m.kr. en á fyrra ári nam það 3.210 m.kr.